

24. fundur í háskólaráði LbhÍ haldinn á Reykjum í Ölfusi 15. apríl 2010 kl. 13:00.

Mættir: Stefán Logi Haraldsson, Emma Eyþórsdóttir, Orri Páll Jóhannsson, Iðunn Hauksdóttir, Þórhallur Bjarnason, Ágúst Sigurðsson rektor, Guðríður Helgadóttir staðarhaldari á Reykjum og Þorvaldur T. Jónsson sem ritar fundargerð. Ásmundur Einar Daðason, Haraldur Benediktsson og Jón Torfi Jónasson boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Fundargerð 23. fundar ráðsins. Samþykkt samhljóða að teknu tilliti til athugasemda.

2. Próun mála frá síðasta fundi ráðsins.

ÁS fór yfir þau atriði sem hafa verið efst á baugi í starfi skólans frá síðasta fundi háskólaráðs. Þar kom m.a. fram um nýjungar í starfi LbhÍ að yfirtaka LbhÍ á umsjón með NOVA samstarfinu hefur gengið vel. Landgræðsluskólinn hefur fengið formlega staðfestingu sem hluti af háskóla SÞ. LbhÍ hefur gert samning við Knattspyrnusamband Íslands, Golfsamband Íslands og fleiri hagsmunaaðila um námskeiðaröð á sviði umhirðu íþrótt- og golfvalla.

Þá kom fram að menntamálaráðuneyti er með stjórnendum háskólanna að leita leiða til hagræðingar í háskólakerfinu en við blasir að niðurskurður verði á fjárveitingum til skólanna á næsta ári. Að lokum fór ÁS yfir framgang og eftirfylgni með stefnumörkun LbhÍ 2009-2013 en um þriðjungi af þeim verkefnum sem sett voru fram í aðgerðaáætlun stefnumörkunarinnar er lokið.

3. Reykir. Guðríður Helgadóttir skýrði skipulag Reykjajarðarinnar en fyrir fundinn höfðu fundarmenn farið í kynnisferð um Reyki. Forræði yfir jörðinni hefur gegnum árin ekki verið fullkomlega skýrt og hefur Sjávarútvegs- og Landbúnaðarráðuneyti ráðstafað lóðum úr jörðinni auk þess sem nýting jarðhita á jörðinni hefur verið á hendi ýmissa aðila. Lögð var fram svohljóðandi bókun: *Háskólaráð óskar eindregið eftir því við stjórnvöld að þau staðfesti með formlegum hætti ótvíræðan umráðarétt LbhÍ yfir Reykjajörðinni. Jafnframt ítrekar háskólaráðið nauðsyn þess að LbhÍ fái nýtingarrétt til framtíðar á borðholum þeim í Reykjalandi sem nú eru nýttar tímabundið með leyfi frá Orkustofnun.*

4. Þormóðsdalur. Mosfellsbær hefur óskað eftir því að fá Þormóðsdalsjörðina keypta af ríkinu. LbhÍ hefur haft formleg yfirlit yfir jörðinni frá árinu 1968 og nýtt aðstöðu þar til ýmissa verka. Lögð var fram eftirfarandi tillaga: Háskólaráð samþykkir að taka fyrir sitt leyti vel í málaleitan Mosfellsbæjar um kaup á jörðinni Þormóðsdal að því tilskyldu að fyrir hana fái ásettanlegt verð og að söluandvirði jarðarinnar renni til LbhÍ. Þannig megi m.a. jafna út skuld LbhÍ við ríkissjóð frá fyrri árum. Samþykkt samhljóða.

5. Útgáfustefna. LbhÍ þarf að marka sér stefnu í upplýsingamálum almennt og með sérstakri skírskotun til opins aðgangs að rannsóknagögnum og niðurstöðum. Þá er mikilvægt að skýra réttindi og skyldur starfsmanna annars vegar og skóla hins vegar varðandi gerð kennsluefnis og annarrar útgáfu fagefnis. Lögð var fram svohljóðandi

tillaga: Í 15. grein starfsreglna verði bætt við orðinu “upplýsinga- og útgáfustefna” og verður hún þá svohljóðandi:

15. gr. Gæðaeftirlit

Í Landbúnaðarháskóla Íslands skal fara fram reglulegt mat á innra starfi háskólans með stöðugar umbætur í huga með skírskotun til innlendar og erlendar samkeppnisstöðu og í samræmi við reglur, sem landbúnaðarráðherra setur, sbr. 5. gr.

laga 57/1999 um búnaðarfræðslu, og gildandi lög um háskólanám. Skólanum skal sett umhverfis-, starfsmanna-, jafnréttis-, og upplýsinga- og útgáfustefna.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 14:30.